

# VALITOR



Til héraðssambanda og íþróttabandalaga

Reykjavík, 4. maí 2015

Efni: Heilsu- og hvatningarverkefnið Hjólað í vinnuna.

Ágæti viðtakandi

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands stendur fyrir heilsu- og hvatningarverkefninu Hjólað í vinnuna dagana **6. – 26. maí** næstkomandi í þrettánda sinn. Meginmarkmið Hjólað í vinnuna er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, hagkvæmum og umhverfisvænum samgöngumáta.

Óskum við eftir liðsinni ykkar til að hvetja vinnustaði á ykkar svæði til þátttöku. Það getið þið gert t.d. með því að nýta heimasíðuna ykkar til að segja frá keppninni, hvetja til þátttöku og fylgja eftir árangri liða í sveitarfélaginu. Til að sjá stöðu liða innan viðkomandi sveitarfélags er smellt á nafn sveitarfélagsins og kemur þá upp staða liða eftir vinnustaðaflokkum í sveitarfélaginu. Sambærilegt hvatningarbréf hefur verið sent á öll sveitarfélög og til íþrótt- og tómstundarfulltrúa. Þeir sem hafa áhuga að á fá send veggspjöld geta haft samband á netfangið [hjoladivinnuna@isi.is](mailto:hjoladivinnuna@isi.is).

Skráning er hafin inn á [www.hjoladivinnuna.is](http://www.hjoladivinnuna.is).

Vinsamlegast kynnið ykkur þá viðburði sem verða í gangi, þáttökureglur og þá valmöguleika sem skráningarkerfið býður upp á inn á [www.hjoladivinnuna.is](http://www.hjoladivinnuna.is)

Aðalstyrktaraðili Hjólað í vinnuna er Valitor, aðrir samstarfsaðilar eru Embætti landlæknis, Rás 2, Advania, Örninn, Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, Landssamtök hjólreiðamanna, Hjólreiðanefnd ÍSÍ, Hjólafærni, Kaffitár og Ölgerðin.

Nánari upplýsingar um Hjólað í vinnuna er að finna á [www.hjoladivinnuna.is](http://www.hjoladivinnuna.is), einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið [hjoladivinnuna@isi.is](mailto:hjoladivinnuna@isi.is) eða hafa samband við Sigríði Ingu Viggósdóttur, sviðsstjóra Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ (s: 5144000, [sigridur@isi.is](mailto:sigridur@isi.is)).

Virðingarfyllt,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

  
Liney Rut Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri ÍSÍ

  
Sigríður Inga Viggósdóttir  
sviðsstjóri Almenningsíþróttasvið ÍSÍ

Samstarfsaðilar

